
VÍSIR SPYR:

Hvert er þitt álit á nýja flugvallarskattinum?




Helgi Thoroddsen, hleðslustjóri: — Hann getur verið réttlætanlegur, en í þessu tilfelli er skatturinn of hár. Við getum ekki hagað okkur eins og apar og verið hátt fyrir ofan alla í slíkri sköttun. Þessi skattur er 2-3 dollarar annars staðar, en 17 hér. Það er ekki heil brú í svona háttalagi.



Reynir Þorleifsson, bakari: — Mér lízt mjög illa á hann. Mér er alltaf illa við nýja skatta, sem reikna má með, að verði til eilífðar.



Guðfinnur G. Ottósson, verkamaður — Mér lízt vel á hann. Fólk, sem getur farið til útlanda, hlýtur að geta bætt þessari upphæð við, það fer varla að svelta fyrir hana. Nei, ég tilheyri ekki þessum hópi.



Hallgrímur Th. Björnsson, kennari: — Mér finnst hann bara eðlilegur, þegar þjóðin á í vandræðum með fjárhaginn. Það verður að grípa til allar hugsanlegra ráða til að rétta fjárhaginn af.

Haraldur Þórðarson, sótthreinsunarmaður: — Mér lízt illa á hann. Nú getur maður ekkert farið, en það er nú kannski tilgangurinn.

Jón Guðmundsson, vélstjóri: — Ég hef bara heyrt áværing af þessu, en ekki myndað mér neinar skoðanir. Ég ferðast ekki neitt sjálfur, fjárhagurinn leyfir ekki slíkt, hvort sem slíkur skattur er eða ekki.

„ÉG VIL HELZT KALLA MIG LEIRARA" — segir Steinunn Marteinsdóttir, sem á laugardaginn opnar sýningu á Kjarvalsstöðum

Það hefur lengst af þótt léleg latína á Íslandi að nota leir í list sína, en fáeinum er þó gefið að gera þetta svo vel sé. Þeirra á meðal er Steinunn Marteinsdóttir á Hulduhólum í Mosfellssveit, sem yrkir í leir með margvíslegu móti, svo af verður ágætasta list.

Steinunn stendur í ströngu þessa dagana að láta listmuni sína ofan í kassa og pakka með þeim, svo þeir komist í heilu lagi til Reykjavíkur, en hún ætlar að opna sýningu í Kjarvalsstöðum á laugardaginn, 29. marz. Á sýningunni verða tæplega 440 sýningarnúmer: Leirmunir hvers konar, þar með talið 20 veggmyndir úr leir, um 20 teikningar, tvær raderingar og silkiþrykk „frá því í eldgamla daga", sagði Steinunn, er Vísismenn heimsóttu hana einn góðan slagveðursdaginn fyrir skemmstu.

„Ég vil helzt kalla mig leirara", sagði Steinunn. „Þegar krakkarnir leika sér að leir, segjast þau vera að leira, og mér finnst það ágætis orð".

Steinunn er fædd í Reykjavík árið 1936, dóttir Kristínar Bjarnadóttur og Marteins Guð-



Steinunn leggur síðustu hönd á listmun. Þessi skál var að kólna í ofninum, en orðin nógu köld til að taka hana upp úr.



Á sýningu Steinunnar á Kjarvalsstöðum verða 20 veggmyndir úr leir, sumar að hluta upphleyptar, og sumar unnar með sérstakri leirlitatækni.

LESENDUR HAFA ORÐIÐ

KENNIÐ RÆÐUMENNSKU Í GAGNFRÆÐASKÓLUM!

Sigurður Jónsson hringdi:

„Það er mikið í tízku núna, að menn fari á námskeið til að tala. Eru það bæði stjórnmálaflokkar og einstaklingar, sem standa fyrir slíkum námskeiðum. Um það er ekkert nema gott eitt að segja.

En ég hef oft velt því fyrir mér, hvort ræðumennska sé ekki nokkuð, sem menn eiga að læra í skólum. Í sumum skólum eru að vísu rekin málfundafélög, en þau gera ekki fullkomlega sama gagn. Þar eru það jafnan sömu fjórir eða fimm kjaftaskarnir, sem standa upp. Hinir sitja sem fastast. Þeir ætla að vera kaldir og taka til máls seinna.

Nú er það svo, að flestir standa frammi fyrir því fyrr eða síðar á lífsleiðinni að þurfa að standa upp og flytja ræðu. Margir eru með eilífan magaverk af ótta við að þurfa skyndilega að taka til máls frammi fyrir áheyrendum. Þessi ótti er þess valdandi, að t.d. ýmis stéttarfélög, sem í eru kannski nokkur hundruð félagsmenn, hafa aldrei nema lítið brot félagsmanna á fundi. Launamálafundir eru jafnvel illa sóttir. Þeir eru svo fáir, sem þykjast eiga erindi á slíka fundi. Þeir hafa jú skoðanir, en vita sem er, að þeir munu aldrei standa upp og lýsa þeim. „Það gera hinir. Ég er bara þriðja flokks félagi. Það er bezt, að kjaftaskarnir finni lausn á málunum. Ég get svo farið og kosið með eða á móti. Þannig get ég bezt haft áhrif í mínu félagi." Er það ekki alltof margir, sem hugsa svona?

En það er ekki aðeins í stéttarfélögum, sem meiri eða minni kunnátta í ræðumennsku getur komið að gangi: það má t.d. nefna til viðbótar umræður á húsfélagsfundum, borgarafundum, framboðsfundum, já, og síðast en ekki síst við tækifæri eins og stórafmæli, brúðkaup þar sem einhver í hópnum þarf kannski skyndilega að segja nokkur orð. Það getur verið nógu erfitt að koma þá upp orði. Það þekkja þeir, sem reynt hafa.

Þykist ég hér vera búinn að sýna fram á nauðsyn þess, að kennsla í ræðumennsku verði tekin upp í skólum. Það ætti að vera á námskrá strax í fyrsta og öðrum bekk gagnfræðaskólanna."

„Opnið stúkurnar meira"

Lilja Guðmundsdóttir hringdi:

„Ég hef veitt því athygli, að ein og ein I.O.G.T.-stúkan er að auglýsa opna fundi. Sjálf hef ég farið á einn slíkan fund og var ánægð með hann.

Nú vil ég koma þeirri ósk á framfæri við stúkumenn, að þeir geri enn meira að því að opna almenningi stúkufundi sína. Einkum væri óskandi, að ungtemplarar væru með slíka fundi og þá með efni á dagskránni, sem líklegt væri til að laða ungmenni að.

Mér hefur virzt templarar starfa of mikið út af fyrir sig. Vera of lokaðir. Þeir ættu að bjóða almenningi á fundi sína, þannig að hver og einn geti labbað sig inn og kynnt sér starf stúkunnar án nokkurra skuldbindinga um að innlimast með það sama.

Ef templarar vilja ná einhverjum árangri í starfi sínu, verða þeir að vera opnari".

„FRÍMERKI TIL MINNINGAR UM HÖRMUNGARNAR Í NESKAUPSTAÐ"

Frímerkjasafnari skrifar:

„Það hafa margir haft við orð, að íslenzku frímerkin séu alltaf að verða ljótari og ljótari. Því fór ekki fjarri, en breyttist allverulega til batnaðar með tilkomu frímerkjanna, sem gefin voru út í tilefni gossins í Eyjum.

Merkin voru orðin það stór, að maður var eiginlega farinn að líma umslögin aftan á frímerkin, eins og einhver góður maður komst að orði.

Hrósyrði mín í garð póstyfirvalda fyrir gosfrímerkin eru sennilega fyrstu hrósyrðin, sem þeir fá í langan tíma. En ég vil gera meira: Mig langar til að stinga að þeim þeirri hugmynd, að gefin verði út frímerki til minningar um hörmungarnar í Neskaupstað".